

Dagsferð um Kaldadal og Húsafell 21. júlí

Fararstjóri er Hjörtur Þórarinnsson.

Kl. 9:00. Brottför frá Umferðamiðstöðinni í Reykjavík, hressing á Þingvöllum, ekið um Kaldadal, áð á Húsafelli og Páll Guðmundsson heimsóttur. Ekið um Kalmanstungu í skoðunarferð á Kolsstaði og þaðan á Akranes með viðkomu í Deildartungu.

Kl. 17:00. Komið til Akraness, e.t.v. ekið um staðinn.

Kl. 18:00. Kvöldverður á Galító á Akranesi.

Kl. 20:30. Áætluð koma til Reykjavíkur.

Þátttökugjald er kr 10.000. Innifalið er: Akstur, leiðsögn, aðgangseyrir í söfn og kvöldverður.



Kaldidalur



FKE-fréttir - *þetta tölublað* - verður borið heim til þeirra sem ekki hafa uppgið netfang. Það flýtir dreifingu og minnkar kostnað félagsins ef allir sem hafa netfang - en fengu samt þetta eintak borið heim að dyrum, láta vita af netfanginu sínu með því að senda póst á FKE@simnet.is.

Allir sem eru á netpóstskrá félagsins fá blaðið sent í netpósti. Þannig sparast félaginu sendingarkostnaður um leið og það hraðar afhendingu blaðsins til þeirra félagsmanna.

Vestfjarðaför 30. ágúst til 2. september 2016

Gert er ráð fyrir 60 manns í einni rútu. Þátttakendur þurfa að hafa með sér hlýjar yfirhafnir, þar sem veður getur breyst skyndilega á þessum árstíma. Gott er að hafa með sér nesti fyrsta daginn.

Þriðjudagur 30. ágúst.

Kl. 8:00. Brottför frá Umferðamiðstöðinni í Reykjavík. Ekið um Dali, stutt stopp í Búðardal og léttur málsverður í Flókalundi. Farið á Látrabjarg og í Minjasafn Egils Ólafssonar á Hnjóti. Kvöldverður og gisting á Fosshótel, Patreksfirði.

Miðvikudagur 31. ágúst

Kl. 9:00. Ekið út í Ketildali við Arnarfjörð, þar sem er ýmislegt að sjá. Léttur málsverður á Bíldudal. Heimsókn í Skrímslasetur eða Melódíur minninganna. Kvöldverður í Hópinu í Tálknafirði og gisting á Fosshótel, Patreksfirði.

Fimmtudagur 1. september.

Kl. 9:00. Ekið yfir Dynjandisheiði og að við Dynjanda og á Hrafnseyri. Kapellan og minjasafnið skoðað. Yfir Hrafnseyrarheiði til Þingeyrar og út að Núpi. Súpa eða léttur málsverður á Núpi. Ekið yfir í Önundarfjörð á Flateyri og þaðan til Ísafjarðar. Kvöldverður og gisting á Hótel Ísafirði.

Föstudagur 2. september.

Kl. 9:00. Ekið út í Bolungarvík með viðkomu í Ósvör. Síðan um Ísafjörð til Súðavíkur. Súpa og brauð, bláber og kaffi hjá Stelli í Heydal. Ekið suður um Steingrímsfjarðarheiði, Hólmavík, Þröskulda yfir í Dali og áfram suður. Stutt stopp í Borgarnesi. Áætluð koma á Umferðamiðstöð kl. 20:00. Ferðalok.

Verð á ferðinni er:

Í eins manns herbergi kr 95.000

Í tveggja manna herbergi kr 85.000

E. t. v. möguleiki á þriggja manna herbergi á kr 80.000



Elstu og stystu veggöng á Íslandi, milli Ísafjarðar og Súðavíkur. Þau liggja í gegn um Arnardalshamar, eru 30 m löng og voru opnuð 1948.

Myndina tók Kristján Sigfússon

Þekkir þú kennara sem eru að fara á eftirlaun?

Bentu þeim á að skrá sig í FKE. Eitt símtal nægir.

Fjola Ósk Gunnarsdóttir í Kennarahúsinu tekur við skráningum í síma 595-1111 – og í netfangið fjola@ki.is.

Aðild að félaginu er ókeypis auk þess sem skráningin viðheldur FKE-aðgangi að Orlofssjóðnum.

Markmið okkar er að sem flestir kennarar, sem hættir eru störfum, njóti þess sem félagið hefur að bjóða.

Stjórn og varastjórn Félags kennara á eftirlaunum:

Póra A. Guðmundsdóttir.....	867 6871	albertag@simnet.is
Póra Kristinsdóttir.....	894 5555	thoraunnur@simnet.is
Pétur Bjarnason	892 0855 ..	peturbjarna@internet.is
Guðrún Lára Ásgeirsdóttir	896 5457	glasg@simnet.is
Kristján Sigfússon.....	867 4831 ..	ksigfusson@yahoo.com
Halldór Þórðarson.....	893 6099	hallth44@gmail.com
Guðrún Ólafía Samúelsdóttir ...	864 9669 ..	mosarima35@simnet.is